

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2003/EES/23/34

frá 15. febrúar 2000

um skilyrði fyrir samanburðartilraunum og -prófunum á vegum bandalagsins á fræi og fjölgunarefni tiltekinna plantna samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 66/403/EBE og 69/208/EBE (*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 370)

(2000/165/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fôðurjurtufræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/96/EB ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/54/EB ⁽⁴⁾, einkum 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/403/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu útsæðiskartaflna ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/742/EB ⁽⁶⁾, einkum 4. mgr. 14. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtufræja ⁽⁷⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/96/EB, einkum 3. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framangreindum tilskipunum er kveðið á um nauðsynlegt fyrirkomulag á samanburðartilraunum og -prófunum bandalagsins á fræi og fjölgunarefni.
- 2) Mikilvægt er að tryggja að sýnin sem eru notuð í þessum tilraunum og prófunum séu nægilega dæmigert úrtak, a. m. k. fyrir tiltekna plöntur. Aðildarríkin

skulu taka þátt í samanburðartilraunum og -prófunum bandalagsins, svo framarlega sem fræ framangreindra plantna er ræktað eða markaðssett á yfirráðasvæði þeirra, til að hægt sé að draga réttar ályktanir af þeim.

- 3) Það er framkvæmdastjórnarinnar að gera nauðsynlegar ráðstafanir fyrir samanburðartilraunir og -prófanir bandalagsins.
- 4) Nákvæmt fyrirkomulag á framkvæmd þessara tilrauna og prófana hefur verið ákveðið í fastanefndinni um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.
- 5) Fyrirkomulagið á þessum tilraunum og prófunum tekur meðal annars einnig til tiltekinna, skaðlegra lífvera sem falla undir gildissvið tilskipunar ráðsins 77/93/EBE frá 21. desember 1976 um verndarráðstafanir gegn því að inn í bandalagið berist lífverur sem eru skaðlegar plöntum eða plöntuafurðum ⁽⁸⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/53/EB ⁽⁹⁾ (fyrirkomulag bandalagsins um plöntuheilbrigði).
- 6) Samanburðartilraunir og -prófanir bandalagsins skulu fara fram á árunum 1999-2001 á fræi og fjölgunarefni ársins 1999 og einnig ber að ákveða almennt fyrirkomulag slíkra prófana.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 52, 25.2.2000, bls. 41, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 49, 3.10.2002, bls. 17.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 25, 1.2.1999, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309/66.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 142, 5.6.1999, bls. 30.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2320/66.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 297, 18.11.1999, bls. 39.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 169, 10.7.1969, bls. 3.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 26, 31.1.1977, bls. 20.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 142, 5.6.1999, bls. 29.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Samanburðartilraunir og -prófanir bandalagsins skulu fara fram á árunum 1999-2001 á fræi og fjölgunarefni þeirra plantna sem eru taldar upp í viðaukanum.

2. Öll aðildarríkin skulu taka þátt í samanburðartilraunum og prófunum bandalagsins, svo framarlega sem alvanalegt er að fræ og fjölgunarefni þeirra plantna sem eru taldar upp í viðaukanum sé ræktað eða markaðssett á yfirráðasvæði þeirra.

2. gr.

Almennt fyrirkomulag á framkvæmd tilrauna og prófana, sem um getur í 1. gr., er sett fram í viðaukanum.

3. gr.

Í tengslum við matið samkvæmt tilskipun 77/93/EBE skal stofnunin, sem sér um framkvæmd tilrauna og prófana fyrir þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar, merkja hvert

sýni fyrir fram, sem lagt er fram til prófunar á rannsóknarstofu. Þegar staðfest er að sýni eru menguð af völdum einhverra viðkomandi skaðlegra lífvera skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að tilskildar ráðstafanir séu gerðar samkvæmt fyrirkomulagi bandalagsins um plöntuheilbrigði. Þetta er með fyrirvara um þau almennu skilyrði sem gilda þegar farið er yfir árlegar skýrslur um staðfestan árangur og niðurstöður úr samanburðartilraunum og -prófunum bandalagsins.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. febrúar 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Tegund	Stofnun sem ber ábyrgð	Eiginleikar sem ber að meta	Fjöldi sýna
<i>Gramineae</i>	Bundessortenamt Hannover (D)	Ósvikni og hreinleiki afbrigðis (í akurskoðun)	230
		Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	55
<i>Hordeum</i> <i>Lolium</i> <i>Pisum</i>	Plantedirektoratet Lyngby (DK)	Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	342
<i>Triticum aestivum</i>	ENSE Milano (I)	Ósvikni og hreinleiki afbrigðis (í akurskoðun)	100
		Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	100
<i>Zea mays</i>	BFL Vienna (A)	Ósvikni og hreinleiki afbrigðis (í akurskoðun)	80
<i>Solanum tuberosum</i>	DGPC Oeiras (P)	Ósvikni og hreinleiki afbrigðis, plöntuheilbrigði (í akurskoðun)	250
		Plöntuheilbrigði (hringrot/brúnfúi/spóluhnýðis-sýki (pstv)) (á rannsóknarstofu)	250
<i>Brassica napus</i>	NIAB Cambridge (UK)	Ósvikni og hreinleiki afbrigðis (í akurskoðun), (sýni skulu tekin bæði úr vor- og haustsáningu)	120
<i>Gossypium</i> spp.	VRICP Thessaloniki (EL)	Ósvikni og hreinleiki afbrigðis (í akurskoðun)	60
		Gæði trefja (á rannsóknarstofu)	60
		Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	60
<i>Helianthus annuus</i>	OEVV Madrid (E)	Ósvikni og hreinleiki afbrigðis (í akurskoðun)	80
<i>Zea mays</i> <i>Helianthus annuus</i> <i>Brassica napus</i>	GNIS/SOC (F)	Electrophoresis:	
		<i>Zea mays</i>	32
		<i>Helianthus annuus</i>	36
	<i>Brassica napus</i>	36	
<i>Hordeum vulgare</i>	DAF (IRL)	Ósvikni og hreinleiki afbrigðis	80
		Gæði fræs við greiningu (á rannsóknarstofu)	80